

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 276/2010, fyrir Múlabæ, dagheimili aldraðra.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

1. gr. orðist svo:

Sjálfseignarstofnunin heitir Múlabær, dagþjálfun aldraðra.

5. gr. orðist svo:

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 930.000 sem lagt er fram af Múlabæ, dagþjálfun aldraðra.

7. gr., b-liður, orðist svo:

b) áritaðan ársreikning af endurskoðanda stofnunarinnar fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar.

13. gr. önnur málsgrein orðist svo:

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil er frá stofnun til næstu áramóta. Reikningar áritaðir af endurskoðanda og stjórn skulu sendir til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Múlabæ, dagþjálfun aldraðra, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 3. janúar 2013.*

**Ríkarður Másson.**

*Björn Ingi Óskarsson.*